



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110023513

Fimmtudagur

14. júní 2012
24. tbl. · 29. árg.



Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



Bátur mánaðarins
aðeins

419 kr.



Opið
virka daga: 10 til 22
helgar: 11 til 22



Bóndinn á Hrauni

„Þú átt bara að ganga inn og spara mér spörin,“ segir Guðmundur Hagalínsson þegar hann opnar útidyráhuróina á Litla Hrauni, húsinu þeirra Guðrúnu Bjarnadóttur á Fla teyri. Guðmundur er hávaxinn með breiðar axlir og kraftmikla rödd. Hann minnir svolítið á Gregory Peck í hlutverki Ahab skipstjóra í myndinni Moby Dick. Í miðopnu í dag segir Guðmundur frá árunum á Ingjaldssandi, tónlistinni og söngnum í fjölskyldunni og ýmsu fleiru.



VIÐ ERUM DAGLEGA Á FERÐINI
MEÐ VÖRUR UM ALLT LAND

| www.flytjandi.is | sími 525 7890 |

EIMSKIP
Flytjandi



Þorsteinn í ársleyfi

Þorsteinn Jóhannesson yfirlæknir Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða er á leið í ársleyfi frá störfum. Hann mun setjast að í Þýskalandi í júlí og starfa þar næsta árið. Þorsteinn hefur starfað um 22 ára skeið hjá Fjórðungs-sjúkrahúsinu á Ísafirði.

Gengið hefur verið frá afleysingum skurðlækna á tímabilinu. Að sögn Þrastar Óskarssonar, framkvæmdastjóra HSV munu sex skurðlæknar deila með sér tímanum og stöðugildi Þorsteins. Þeir hafa flestir starfað áður á Ísafirði um lengri eða skemmri tíma.

Á heilsugæslunni eru nú þrjár læknar, Þórður Guðmundsson, Úlfur Gunnarsson og Guðmundur Kjartan Davíðsson, en Örn E. Ingason er í sumarfrí. Gengið hefur verið frá mönnum lækna á heilsugæslunni fram á haustið og er Ísfríðingurinn Jóhann Sigurjónsson í hópi afleysingalæknanna. Sem áður eru þeir Helgi Kr. Sigmundsson og Þorsteinn Jóhannesson, sem nú er á leið í leyfi, starfandi við sjúkrá-húsið. – gudmundur@bb.is



Hrólfur Einarsson ÍS 255 bætist við flota Bolvíkinga á þjóðhátíðardaginn.

Nýr bátur í flota Bolvíkinga

Nýsmíði Völusteins ehf. í Bolungarvík sem verið hafði í smíðum í skipasmíðastöðinni Trefjum í Hafnarfirði var sjósett á föstudag og gefið nafnið Hrólfur Einarsson ÍS 255. Á næstu dögum verður ýmis búnaður stilltur og báturinn verður afhentur nýjum eiganda fullbúinn á þjóðhátíðardaginn 17. júní. Báturinn sem er af nýrri kynslóð krókaflamarksbáta er 14,98 brúttótonn, 12,63 metra langur og 4,60 metra breiður. Hann mun róa með landbeitta

línu og skipstjóri verður Ólafur Jens Daðason.

Við hönnun bátsins var lögð áhersla á að aðbúnaður og öryggi áhafnar verði eins og best er á kosið. Öryggisbúnaður bátsins kemur frá Viking og SafeLink. Um borð er sex manna björgunarbátur með sjálfvirkum sleppi-búnaði. Flotgallar eru af bestu fánlegu gerð og einnig eru um borð neyðarsendar til að festa á vinnuföt sjómanna, sem gefa frá sér merki sem koma fram á AIS-

tækjum skipa. Í bátnum er allt að tveggja tonna stillanlegur kjölfestutankur til að stýra stöðugleika.

Yfirbygging er hitastýrð og stakkageymsla er innangeng og upphituð. Borðsalur er í brú auk hægindastóla fyrir skipstjóra og háseta. Svefnpláss er fyrir fjóra í lúkar auk eldunaraðstöðu með eldavél, örbylgjuofni og ísskáp.

Við hönnun skipsins var tekið mið af því að orkunotkun yrði eins hagkvæm og kostur er með

tilliti til siglinga og veiða. Aðalvél bátsins er 720 hestafla Isuzu tengd tveggja hraða ZF-gír. Orkugrónn díóðuljós eru í ljósabúnaði og kösturum.

Báturinn er útbúinn siglingatækjum af gerðinni JRC frá Sónar ehf. Hann er einnig útbúinn vökvadrifnum Wesmar-hliðarskrúfum að fram og aftan, sem tengdar eru sjálfstýringu bátsins. Línuspil er frá Beiti ehf. og annar búnaður til línuveiða kemur frá Stálorku ehf. – thelma@bb.is

Ganga þvert yfir landið frá Hornvík

Sex vaskar konur leggja af stað frá Hornvík á Hornströndum á miðvikudag og ætla að ganga yfir landið horna á milli, eða um 650 kílómetra. Göngunni ætla þær að ljúka í Hornvík skammt austan Hornafjarðar um miðjan júlí. „Við fljúgum vestur á morgun og gistum í Bolungarvík. Síðan siglum við til Hornvíkur á miðvikudagsmorgun og byrjum þá strax að ganga og munum halda því áfram í um það bil fimm vikur,“ segir Kristín Jóna Hilmarsdóttir, einn af göngugörpunum.

Með í för í fyrstu verða þrjár konur til viðbótar sem ætla að

ganga frá Hornströndum til Hólmavíkur. „Við erum því nú sem leggjum af stað, en þær langaði svo að koma með okkur á Hornstrandirnar. Þetta verður því mikið fjör,“ segir Kristín Jóna. Að sögn hennar eru konurnar búnar að vera saman í gönguhóp í átta ár, allar á besta aldri eða á milli fertugs og fimmtugs. „Okkur finnst mjög skemmtilegt að ganga og að ögra sjálfum okkur. Það hefur enginn gengið áður þessa leið svo við vitum og okkur fannst tilvalið að ganga svona horn í horn yfir landið,“ segir hún aðspurð um hvort það sé eitthvert sérstakt tilefni fyrir göngunni.

„Í fyrra gengum við bara þrjár þvert yfir landið en hinar þrjár sem bætast í hópinn núna komu og gengu með okkur hluta af leiðinni, ein var í viku og önnur í tíu daga. Þeim leist svo vel á þetta að þær ákváðu að skella sér með alla leiðina í ár. Fyrir fjórum árum fórum við fjórar úr hópnum til Afríku og gengum á Kilimanjaro. Okkur fannst það svo mögnuð upplifun að við ákváðum að fara í stóra göngu annað hvert ár.“

Mikill undirbúningur er fyrir ferð af þessu tagi. „Við leggjum ekki út í svona ævintýri bara einn tveir og tíu. Eiginmaður einnar í

hópnum er reyndur fjallagarður og í hjálparsevit og hann hefur aðstoðað okkur við að merkja alla gönguleiðina með GPS-tæki. Þannig vitum við nákvæmlega hvar við gistum og hversu langt við göngum á hverjum degi. Við munum síðan fá vistir á þriggja til fimm daga fresti. Þegar við erum nýbúnar að fá vistir verður bakpokinn okkar um 20 kíló sem er ansi þungt að ganga með en á móti kemur að hann léttist eftir því sem líður að næstu sendingu. Svo erum við líka með tjöld, svefnpoka og dýnur.“

Kristín Jóna segir að gangan verði áskorun en þær séu allar í

finnu líkamlegu formi. „Við hittumst reglulega til að ganga saman og á veturna erum við allar í einhverri hreyfingu. Svo er andlega hliðin líka stór partur í þessu, en svona ferðalag reynir ansi mikið á þar sem við hittum ekki mikið af fólki nema bara hver aðra. Við höfum gert þetta áður og vitum við hverju er að búast. Við vitum t.d. að við fáum blöðru og tökum bara á því. Við tökum þetta á léttleikanum og okkur finnst þetta mjög skemmtilegt. Þess vegna erum við jú að þessu brólti,“ segir Kristín Jóna og hlær.

– thelma@bb.is



Við bjóðum fyrirtækjum sérþekkingu

Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnið í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Starfsfólk Íslandsbanka býr yfir áratugareynslu í þjónustu við sjávarútveginn og hjá bankanum starfar stór hópur fólks með sérþekkingu á greininni. Þannig getum við ávallt tryggt fyrirtækjum í þessari undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar þá bankaþjónustu sem hún þarfnast.

Þekking sprettur af áhuga.

Hallgrímur Magnús Sigurjónsson hefur yfir 30 ára reynslu af sjávarútvegi og fjármögnun sjávarútvegs.

Magnús er útibússtjóri hjá Íslandsbanka.

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000


Íslandsbanki

Arctic Oddi á Flateyri á leið í langvarandi vinnslustöðvun

Forsvarsmenn Arctic Odda ehf. á Flateyri hafa kynnt Verkalýðsfélagi Vestfirðinga áform um fyrirhugað langtíma vinnslustöðvun. Fyrirtækið hóf starfsemi á síðasta ári og hefur vaxið mjög ört, en starfsmenn þess og systurfélags þess Dýrfisks ehf., eru tæplega fjörutfu. Samkvæmt heimildum Bæjarins besta telja forsvarsmenn Arctic Odda að erfitt verði fyrir fyrirtækið að byggja upp bolfiskvinnslu á Flateyri, þar sem forsendur fyrir uppbyggingu og úthlutun byggðakvóta í plássinu séu brostnar. Fyrirtækið hefur varið miklum fjármunum í vetur til uppbyggingar á bolfiskvinnslu. Meðal þeirra endurbóta sem gerðar hafa

verið eru bætur á húsnæði, og fjárfesting í tækjabúnaði, bæði landvinnslu og útgerð.

Fyrir tæpu ári áttu forsvarsmenn fyrirtækisins í viðræðum við bæjaryfirvöld og stjórnvöld um uppbyggingu heilsársframleiðslu á eldis- og bolfiskvinnslu, áður en eigendur Arctic Odda réðust í kaup á fyrrum þrotabúi Eyrarodda. Ljóst var frá upphafi að ef einhver ávinningur ætti að nást í bolfiskvinnslu á Flateyri, hefði aðstoð yfirvalda í formi byggðakvóta verið nauðsynleg. Arctic Odda var kynnt í desember á síðasta ári að sama magn byggðakvóta yrði úthlutað á þessu ári og í fyrra, að viðbættu því magni sem ekki tókst að veíða

á síðasta ári. Á síðasta fiskveiðiári fór úthlutun 300 tonna byggðakvóta seint fram, og því náðu útgerðaraðilar ekki að nýta allan kvótann og því var rúmlega þriðjungur þess afla til úthlutunar á nýju fiskveiðiári.

Bæjaryfirvöld í Ísafjarðarbæ sendu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu tillögur um hvernig úthlutun byggðakvótans yrði háttáð. Þrátt fyrir að forsvarsmenn Arctic Odda ehf. hafi rekið á eftir svörum hefur ekkert heyrst frá stjórnvöldum. Sökum þess hve lítið er eftir af fiskveiðiárinu má telja líklegt að ekkert gerist í þessum málum á næstunni. Bæjarins besta hefur áður fjallað um það mál en samkvæmt

heimildum blaðsins er enn engri niðurstaða að vænta.

Sá byggðakvóti sem úthlutað var til Flateyrrar árið 2010 er á fárra höndum í augnablikinu. Baturinn Stjáni Ebba ÍS sem tilheyrir Arctic Odda, var leigður til Lotnu ehf., en hann átti stóran hluta byggðakvóta fiskveiðiársins 2010/2011. Í leigusamningnum milli Arctic Odda og Lotnu var kveðið á um að veiðiréttinn mætti ekki færa yfir á aðra báta. Samkvæmt heimildum Bæjarins besta telja forsvarsmenn Arctic Odda að eigendur Lotnu hafi virt samninginn að vettugi ásamt öðrum samningum sem Arctic Oddi gerði við útgerðarfyrirtæki á Flateyri. Því séu fáir aðilar búnir

að sölsa undir sig bróðurpart umrædds byggðakvóta.

Samkvæmt heimildum blaðsins hafa eigendur Arctic Odda ehf. skorað á bæjaryfirvöld í Ísafjarðarbæ og stjórnvöld að bregðast við stöðunni á Flateyri og sjá til þess að úthlutun byggðakvótans verði komið í þann farveg sem þeim var lofað á sínum tíma, og kveðið er á um í lögum um tilgang byggðakvótaúthlutunar.

Skilgreiningin hlutverk byggðakvóta er sú að vinna landverkfólks og fiskvinnsla sé tryggð í byggðarlögum sem farið hafa illa út úr þróun landvinnslu og krókaflamarks.

– gudmundur@bb.is



„Ekki hægt að sölsa undir sig byggðakvóta“

„Við höfum ekki gert neinn samning við Arctic Odda, annan en samning um löndun og verkun á grásleppu. Veiðirétt á byggðakvóta er ekki hægt að færa yfir á aðra báta,“ segir Sigurður Aðalsteinsson, einn eigenda Lotnu ehf., sem er ósáttur við að fyrirtæki hans sé bendlað við óheiðarlega viðskiptahætti. Samkvæmt heimildum Bæjarins besta gerðu Arctic Oddi og Lotna með sér leigusamning sem fól í

sér að baturinn Stjáni Ebba ÍS hafi verið leigður Lotnu, og að veiðiréttinn mætti ekki færa yfir á aðra báta.

Sigurður segir þetta alrangt og enginn samningur hafi verið gerður á milli fyrirtækjanna. Að sögn Sigurðar leigði Lotna Stjána Ebba af þrotabúi Eyrarodda í júlí og ágúst, en Arctic Oddi hafi síðan keypt bátinn af þrotabúinu í september.

„Öll byggðakvóta úthlutun

síðasta árs átti sér stað áður Arctic Oddi var stofnaður. Byggðakvóta Stjána Ebba átti Eyraroddi, og Lotna leigði þann rétt af þrotabúi Eyrarodda og við borguðum háar fjárhæðir fyrir þann rétt, eða 10 milljónir. Svo borguðum við aðrar 10 milljónir í leigu á húsnæði og í önnur gjöld. Það var til þess að þrotabúið gat greitt starfsmönnum sínum laun og greitt annan kostnað. Sjálfir veiddum við upp byggðakvótann og fólk í

bænum fékk vinnu fyrir vikið,“ segir Sigurður, og bendir á að Arctic Oddi hafi komið til Flateyrrar í september á síðasta ári og gat því ekki gert tilkall til byggðakvóta, enda er honum úthlutað samkvæmt aflareynslu ársins þar á undan. „Við leigðum þennan bát vegna þess að hann hafði veiðireynslu fyrir árið á undan.“

„Það getur enginn sölsað undir sig byggðakvótann þar sem ákveðnum úthlutunarreglum verð-

ur að fylgja,“ segir Sigurður. Engu að síður er útgerðum heimilt að nota hjálparbáta til að klára úthlutunarskilyrði báts. Bátarnir verða að tilheyra sömu útgerð. Ef að útgerð er úthlutað 100 tonna byggðakvóta þarf hún að veíða 200 tonn til vinnslu á staðnum.

„Það er alltaf verið að ýja að einhverju vafasömu og gera fólk tortryggilegt. Við borguðum fyrir allt sem við höfum fengið fyrir vestan,“ segir Sigurður.

Ísafjarðarbæjar og Súðavík standa best

Mikilli fólksfækkun fylgir oft erfiður rekstur sveitarfélaga, og hafa sveitarfélög á norðanverðum Vestfjörðum ekki farið varhluta af því undanfarin ár. Súðavíkurhreppur stendur best fjárhagslega af sveitarfélögum þremur á norðanverðum Vestfjörðum að því er segir í skýrslu Byggðastofnunar um samfélag,

atvinnulíf og íbúabróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun. Þar kemur fram að Ísafjarðarbær var rekinn með allmiklu tapi árið 2009, sem skýrist af stórum hluta af gengismun og verðbótum, en árið 2010 var tapið mun minna. Bæði árin var veltufé frá rekstri jákvætt. Sömu sögu er að segja af Súðavíkurhreppi, en

það kveður við annan tón í tilfelli Bolungarvíkurkaupstaðar.

Bolungarvík hefur glímt við verulega fjárhagslega erfiðleika á undanförnum árum, og vegna slæmrar fjárhagsstöðu sveitarfélagsins var gerður samningur við Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga í október 2007, að beiðni Bolungarvíkurkaupstaðar.

Gripið var til margíslegra aðgerða, en samningur kaupstaðarins við Eftirlitsnefndina gilti til ársloka 2011. Skuldir sveitarfélagsins voru komnar niður í 1.050 milljónir króna í árslok 2010 sem voru 165% af reglulegum tekjum, en 150% er það hámark sem sveitarfélögum er sett í nýjum sveitarstjórnarlögum. Ísafjarðar-

bær nær heldur ekki niður fyrir þetta mark, en skuldir og skuldbindingar Ísafjarðarbæjar eru 187% af heildartekjum.

Til hliðsjónar má nefna að skuldir og skuldbindingar Súðavíkurhrepps nema rúmum 200 milljónum króna, sem eru um 110% af tekjum sveitarfélagsins.

– gudmundur@bb.is

Samkaup

úrval

góðir grannar

Sparnaðartilboð helgarinnar 14. - 17. júní

samkaupurval.is

Góð kaup!

verð áður 1.495 kr

1.390 kr/kg

Úrvals lambalæri

úr kjötborði eða pakkað ferskt



verð áður 1.598 kr

1.438 kr/kg

Úrvals lambagrillleggir

úr kjötborði eða pakkaðir ferskir



verð áður 1.598 kr

Lambasirlöin sneiðar

1.486 kr/kg

úr kjötborði eða pakkaðar ferskar



verð áður 2.998 kr

2.698 kr/kg

Lambainnalæri

úr kjötborði eða pakkað ferskt

50% afsláttur

verð áður 218 kr

109 kr/stk

Nýbakaðar tebollur

frá Myllunni



Rækjur í kókoslegi með hvítlauk, sveppum og aspasi
...sjá uppskrift á samkaupurval.is



Ódýrt

verð áður 689 kr

Smárækja 500g frosin 496 kr/pk

Góð kaup!

verð áður 599 kr

479 kr/stk

Ávaxta-smoothie 600g

frá Coop



50% afsláttur

verð áður 198 kr

Bökunarkartöflur 99 kr/kg



Ferðablaðið Vestfirðir 2012 komið út

Ferðablaðið Vestfirðir sumarið 2012 er komið út, en það er upplýsingablað fyrir ferðafólk á leið um Vestfirði. Blaðið kemur nú út átjándra sumarið í röð og liggur frammi án endurgjalds á viðkomustöðum ferðafólks víðs vegar um land allt. Í blaðinu má finna upplýsingar um ferðapjónustuaðila á Vestfjörðum, helstu ferðamannastaði og annað sem ferðamanninum leikur forvitni á að vita. Finna má mikinn fróðleik um fuglalíf og náttúrulíf á Vestfjörðum í blaðinu, sem og viðtöl við þjóðþekkt einstaklinga.

Ritstjóri blaðsins er Sunna Dís Másdóttir. Í ritstjórnar-pistli sínum segir hún að það væri heillaspor fyrir ferðamenn á Vestfjörðum ef þeir tækju af sér úrin og týndu gsm-símum sínum, svo þeir gætu notuð kyrrðar og friðar svæðisins. „Til að hennar verði notið til fullnustu þarf að skilja streituna eftir í grænni laut, áður en haldið er niður í fjöru til að horfa á sólina gylla fjalla-hringinn áður en hún dýfir sér í sæ eða upp á fjall þar sem himinninn virðist endalaus og jörðin nánast sleppir takinu um iljarnar. Þar vaxa fegurstu blómin,“ segir Sunna.

Spurningin

Ætlar þú að ferðast um Vestfirði í sumar?

Alls svöruðu 548.
Já sögðu 416 eða 76%
Nei sögðu 81 eða 15%
Óvíst sögðu 51 eða 9%

Netspurningin er birt viku-lega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Hæg breytileg átt og víða bjartviðri, en sums staðar skýjað með ströndinni. Hiti 5-15 stig, hlýjast á vestanverðu landinu.

Horfur á laugardag: Suðlæg átt, skýjað og þurr að kalla Sv- og Vestanlands, en bjart veður annars staðar. Hiti 8-16 stig. **Horfur á sunnudag:** Suðlæg átt, skýjað og þurr að kalla Sv- og Vestanlands.



Með kaupnum hyggst Kampi endurreisa atvinnustarfsemi í húsnæðinu og styrkja frekar við núverandi rekstur sinn. Meðfylgjandi mynd var tekin er gengið var frá kaupsamningnum. Ljósmynd: Byggðastofnun.

Kampi kaupir þrotabú Bakkavíkur

Samningar hafa tekist milli Byggðastofnunar, þrotabús Bakkavíkur hf., og Kampa hf., um kaup Kampa á rækjuverksmiðju Bakkavíkur í Bolungarvík ásamt véla- og tækjabúnaði. Samningar þessa efnis voru undirritaðir á föstudag. Bakkavík hf. varð gjaldþrota vorið 2010 og hefur Byggðastofnun frá þeim tíma leitast við að koma starfsemi aftur af stað í húsnæði félagsins við höfnina í Bolungarvík, sem hýsti áður eina fullkomnustu rækjuverksmiðju í Evrópu.

Kampi hf. hefur byggt upp eina öflugustu rækjuverksmiðju landsins á Ísafirði. Að fyrirtækinu stendur

útgerðarfélagið Birnir í Bolungarvík auk samstarfsmanna. Með kaupnum hyggst Kampi endurreisa atvinnustarfsemi í húsnæðinu og styrkja frekar við núverandi rekstur sinn. Ætlunin að nýta húsnæðið undir fiskverkun, rækjuverksmiðju og mjölvinnslu úr rækjuskel, svo eitthvað sé nefnt.

Jón Guðbjartsson stjórnarformaður Kampa segir húsnæðið bjóða upp á ýmsa möguleika. „Þetta er rými sem gæti rúmað tíu lítil fyrirtæki eða þrjú stór fyrirtæki. Við ætlum okkur að hefja þarna einhvers konar starfsemi líklega í haust og verður það eins mikill rekstur og geta

okkar og kraftur leyfir.“

Forsvarsmenn Kampa reikna með að starfsemi geti hafist í húsnæðinu fljótlega. Þó hefur strax verið hafist handa við lagfæringar og viðhald utanhúss þar sem húsnæðið hefur látið á sjá á síðustu tveimur árum.

„Byggðastofnun lýsir ánægju með að þessar eignir séu loks komnar í hendur duglegra manna sem hafa fullan hug á að koma þar af stað fjölbreyttri starfsemi. Kampi hefur sýnt góðan rekstur eftir að hafa tekist á hendur endurreisn rækjuverksmiðju Miðfells á Ísafirði fyrir nokkrum árum og óskar Byggðastofnun

þeim velfarnaðar í því uppbyggingarstarfi sem framundan er,“ segir í tilkynningu.

Ekki eru fyrirhugaðar neinar breytingar á núverandi starfsemi Kampa ehf á Ísafirði. Kampi ehf var stofnað í október 2007 um rekstur rækjuverksmiðju á Ísafirði. Stærsti hluthafinn er útgerðarfélagið Birnir ehf sem gerir út tvo togara, Gunnbjörn ÍS 302 og Valbjörn ÍS 307. Saman eiga Kampi ehf og Birnir ehf frystitogarann Ísbjörn ÍS 304 sem keyptur var í nóvember 2011. Hjá þessum tveimur fyrirtækjum starfa í dag um 80 fastráðnir starfsmenn.

– thelma@bb.is

Ritstjórnargrein

Hver kenndi yður...

Í rigningunni á Þingvöllum 17. júní 1944 náðist ekki samkomulag með þingmönnum um kjör fyrsta forseta lýðveldisins: jafnvel á deginum þegar landið okkar var lýst fullvalda og sjálfstætt ríki, ríkti sundurlyndið ofar sáttinni sem ætla mátti að stofnun lýðveldisins væri þjóðinni.

Haft hefur verið að orði að Stjórnarskrá lýðveldisins hafi verið bjargað fyrir horn með lauslegri þýðingu úr móðurmáli konungættarinnar, sem hér hafði ríkt. Allar götur eftir stofnun lýðveldisins hefur lítið farið fyrir vilja þingkjörinna fulltrúa, sem þjóðin hefur trúað fyrir fjöreggi þjóðarinnar, til samkomulags um endurskoðun og/eða breytingar á þeim grundvallarlögum, sem Stjórnarskrá er hverri þjóð. Um breytingar á kjördæmaskipan, til að tryggja stöðu sitjandi þingmanna, hverju sinni, þarf ekki að fara í grafgötur um.

Skáldinu og bóndanum á Kirkjubóli í Hvítársíðu, Guðmundi Böðvarssyni, hefur áreiðanlega verið annað í huga en það sem réði afstöðu nokkurra þingmanna á Þingvöllum forðum í afstöðunni til fyrsta forsetans, er hann orti ljóðið „Í vor“. Þar segir meðal annars:

„Ó, börn, mælti jörðin, á svífi í sumarsins skýjum,

nú fer sólin að skína,

ó, munið að vera ekki deilu- og drottunargjörn.

Hver kenndi yður, smávinir, misskipting mömmunnar gjafa og að metast til dauða um hvern blett minna landa og hafa?

Ó, börn!“

Þann draum hef ég elskað að varðveita börn mín og blómstur í blessun og friði,

stutt augnablik þeirra við eilífðarhafsins straum....“

Hví hafa þjóðir tekist á og barist innbyrðis af þvílfrki ógn og skelfingu, sem sagan greinir? Og hví er svo komið í okkar fámenna samfélagi að á þjóðhátíðardeginum, tæpum sjötíu árum eftir stofnun lýðveldisins, skuli málum svo háttáð að samfélagið logar meira og minna í illdeilum og átökum um mömmunnar gjafir, að öðru ógleymdu? Er það ekki þess vert að staldra við, sem þjóð, og leita svara við spurningu bóndans og skáldsins?

Í tilefni þjóðhátíðardagsins sendir Bæjarins besta lesendum sínum og landsmönnum öllum hugheilar kveðjur og óskir um velfarnað.

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólögötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is. Blaðamenn: Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is. Guðmundur Björn Þorbjörnsson, sími 692 8686, guðmundur@bb.is. Ritstjóri netútgáfu bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson. Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. Abyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið m. vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. Önnur útgáfa: Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. ISSN 1670 - 021X

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT



FRYSTI VARA
DANSKT FROSIÐ NAUTARIBEYE

2798 KR. KG




FRYSTI VARA
DÝSK FROSIN NAUTALUND

3998 KR. KG




Einiberjakryddað LÚXUS LAMBALÆRI

1379 KR. KG

KJARNAFÆÐI FERSKT EINIBERJAKRYDDAÐ LAMBALÆRI



Coca-Cola

79 KR. DÖSIN

KJARNAFÆÐI

KOFAREYKT BEINT AÐ NORDAN



1798 KR. KG **2598 KR. KG**

KOFAREYKTUR ÚRBEINADUR HANGIFRAMPARTUR 1798 KR.KG
KOFAREYKT ÚRBEINAD HANGILAERI 2598 KR.KG.

ÍSLENSKUR LAX Á GRILLIÐ

FROSINN



1898 KR. KG.

NORDANFISKUR LAX GRILL-KRYDDAÐUR BEINHR. M.ROÐI

FROSINN



1898 KR. KG

NORDANFISKUR ÍSLENSKUR LAX FROSINN BEINHR. M.ROÐI



698 KR. 6 LTR.

COCA COLA 4 X 1.5 LTR.



198 KR. 2 LTR.



HRAUNBITAR **PRINSBITAR** **AÐI BITAR**

GÓU-PRENNAN
HRAUNBITAR - PRINSBITAR - AÐIBITAR
3 X 200 GR KASSAR
598 KR.



CANDYFLOSS 20 GR
98 KR.

ÍSLENSKUR FÁNI
98 kr. stk



HANDY SMOKKAR 18 STK.
HVER SKEMMUN AÐEINS 16.5 KR.



298 KR. 12 STK.

AFGREIÐSLUTÍMINN Í VERSLUNUM BÓNUS
LAUGARDAGUR 16.JÚNÍ SUNNUDAGUR 17.JÚNÍ
10.00-19.00 12.00-18.00



TE & KAFFI
NÝ PAKKAÐ 400 GR
SUMARKAFFI
BAUNIR EÐA NÝMALAÐ
759 KR.



RISASTÓR SNUÐ
198 KR. STK



ÍSAFJARÐARBÆR

AUGLÝSING UM DEILISKIPLAG, INGJALDSSANDUR, ÍSAFJARÐARBÆ

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur þann 24. maí 2012, í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt deiliskiplag í landi Sæbóls I, II og III, Álfadals og Hrauns á Ingjaldssandi, Ísafjarðarbæ.

Um er að ræða fimm svæði fyrir frístunda- byggð, í landi Sæbóls, Álfadals og Hrauns. Svæðin eru staðsett á Ingjaldssandi og í Nesdal í Ísafjarðarbæ.

Í landi Sæbóls, (svæði merkt F27) er Nesdalur sem liggur milli Skaga og Barða. Svæðið er staðsett utarlega í dalnum. Heimilt er að byggja fjögur frístundahús, samanlagt byggingarmagn á lóð má vera að hámarki 150m². Hámarksstærð gestahúss eða geymslu er 35m².

Í landi Hrauns, (svæði merkt F29 og F30). Á hvoru svæði fyrir sig er heimilt að byggja fjögur frístundahús, samanlagt byggingarmagn á lóð má vera að hámarki 150m². Hámarksstærð gestahúss eða geymslu er 35 m².

Í landi Álfadals, (svæði merkt F31 og F32). Á hvoru svæði fyrir sig er heimilt að byggja fjögur frístundahús. Samanlagt byggingarmagn á lóð má vera að hámarki 150 m². Hámarksstærð gestahúss eða geymslu er 35 m².

Deiliskiplagstillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum í Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði og á heimasíðu Ísafjarðarbæjar, www.isafjordur.is, frá og með 14. júní 2012 til og með 26. júlí 2012. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við deiliskiplagstillöguna. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði, eigi síðar en 26. júlí 2012. Þeir sem ekki gera athugasemdir við skipulagstillöguna fyrir tilskilinn frest, teljast samþykkir henni.

Ísafirði, 11. júní 2012,
Jóhann Birkir Helgason, sviðstjóri
framkvæmda- og eignasviðs.

Við flytjum í hjarta bæjarins um helgina!



Nýtt aðsetur: Silfurgata 1.

Um 35% svarenda ætla að flytja frá Vestfjörðum

Um 35% svarenda í nýlegri viðhorfskönnun Bygðastofnunar sögðust ætla að flytja frá Vestfjörðum en það var næst lægsta hlutfallið á þeim svæðum sem spurt var. Til samanburðar má nefna að 40% svarenda sögðust ætla flytja frá Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra og Austurlandi, en 50% frá Suðausturlandi. Þá sögðust um 65% svarenda á aldrinum 20-24 ára ætla flytja á næstu fimm árum, rúmlega þriðjungur þeirra sem voru 25-34 ára sögðust einnig ætla að flytja en tveir af hverjum tíu á aldrinum 35-39 ára sögðust ekki ætla að flytja á næstu fimm árum.

Aðeins um 10% þátttakenda á Vestfjörðum töldu atvinnuöryggi gott eða í meðallagi í sínu byggð-

arlagi, en það hlutfall var annars 30-40%. Meirihluti þátttakenda á Vestfjörðum sögðu atvinnutækifæri kvenna í þeirra byggðarlagi vera frekar eða mjög slæm. Yfir landið í heild taldi meirihluti svarenda atvinnulíf í sínu byggðarlagi mjög eða frekar einhæft, eða 62%, 24% sögðu að það væri hvorki né og 13% töldu það vera mjög eða frekar fjölbreytt. Hlutfallið er hæst á Vestfjörðum og í Vestmannaeyjum.

Tæplega 40% svarenda sögðust versla sjaldnar en einu sinni í mánuði í öðru byggðarlagi. Um þriðjungur svarenda á Vestfjörðum sögðust aldrei versla í öðru byggðarlagi. Það hlutfall var mun lægra en víðast annars staðar. Rúmlega helmingur svarenda

sagði vegi til og frá byggðarlaginu vera mjög eða frekar góða, eða 56%, en 37% svarenda á Vestfjörðum sögðu vegi frekar eða mjög slæma.

Viðhorfskönnunin var gerð meðal íbúa 20-39 ára í 30 sveitarfélögum. Til skoðunar voru svæði þar sem íbúum fækkaði um 15% eða meira á 15 ára tímabili, árin 1994-2009, alls 30 sveitarfélög. Meginsvæðin eru norðvestur-, norðaustur- og suðausturhorn landsins, auk Dalabyggðar og Vestmannaeyjabæjar.

„Svarhlutfall var fremur lágt, eða kringum 20% sem þýðir að ekki er hægt að alhæfa út frá svörum, en þau gefa engu að síður vísendingu um viðhorf þessa hóps,“ segir í skýrslunni.

Einn sjaldgæfasti viðburðurinn í sólkerfinu

Fjölmargin Vestfirðingar fylgdu með þvergöngu reikistjörnu Venusar fyrir sólina í síðustu viku en um var að ræða einn sjaldgæfasta viðburðinn í sólkerfinu. Þverganga sást þó misvel frá Vestfjörðum en eins og sést á meðfylgjandi mynd sem tekin var í Búðardal af Ísfirðingnum Steinunni Matthíasdóttur var um sérstakt fyrirbæri að ræða. Bládamadur hefur frétt af því að margir sem reyndu að fylgjast með göngunni á Ísafirði, hefðu ekki fengið að sjá fyrirbrigðið eins glögglega og kosið var, en hópur Þingeyringa kom saman til að fylgjast með viðburðinum með viðeigandi búnaði út við flugvöllinn á Þingeyri við góðan árangur.

Samkvæmt Stjörnufræðivefnum er þverganga þegar reikistjarna gengur þvert fyrir sólina frá jörðu séð. Slíkir atburðir eru frekar sjaldgæfir en þannig gengur Venus fyrir sólina á 105,5 eða



Margir fylgdust með göngu ástarstjörnnunnar fyrir sólina. Mynd: Steinunn Matthíasdóttir.

121,5 ára fresti og þá tvisvar með átta ára millibili. Næsta þverganga verður 10.-11. desember árið 2117 en sú mun ekki sjást

frá Íslandi. Næsta þverganga, sem sést frá upphafi til enda frá Íslandi, verður 11. júní árið 2247.
– thelma@bb.is

Sýknaður í Hæstarétti

Hæstiréttur hefur sýknað karlmann sem sakfelldur var í Héraðsdómi Vestfjarða og dæmdur í 45 daga skilorðsbundið fangelsi, fyrir að hafa látið 15 ára stúlku hafa við sig munnmök gegn loforði um að kaupa fyrir hana áfengi. Ekki þótti hægt að sanna fyrir rétti að maðurinn hafi gefið áðurnefnt loforð.

Í ákærinni er manningunni gefið að sök að hafa sýnt af sér ósiðlegt athæfi gagnvart stúlkunni, sem þá var fimmtán ára. Maðurinn segir að munnmök hafi farið fram með samþykki stúlkunnar og án nokkurs loforðs. Stúlkan hefði fyrst óskað eftir áfengi í bifreið þegar hann ók henni heim eftir munnmökun.

Hæstiréttur þótti framburður mannsins fá stoð í gögnum málsins. Þar sem ekki má dæma menn fyrir aðra háttsemi en þá sem í ákæru greinir, var hann sýknaður. Bótakröfu stúlkunnar var vísað frá, en héraðsdómur hafði gert manningunni skylt að greiða stúlkunni 150 þúsund krónur. – gudmundur@bb.is



Das Auto.



ŠKODA



Audi



HEKLA á leið um landið

HEKLA er á leið um landið og verður með bílasýningu á **Vestfjörðum** dagana **18. og 19. júní** nk. Þar getur þú kynnt þér hið fjölbreytta úrval bifreiða sem HEKLA hefur í boði. Má þar nefna, meðal annars, Volkswagen Tiguan jepplinginn, Skoda Octavia sem var mest seldi bíll landsins á síðasta ári og nýjan Mitsubishi Pajero sem fæst nú á hagstæðu verði. Einnig verða á staðnum fjölmargar aðrar tegundir sem þér býðst að reynsluaka.

Við verðum á eftirfarandi stöðum:

Mánudagur 18. júní: **Patreksfjörður** frá kl. **12-13** | Bílaverkstæðið Stormur
Tálknafjörður frá kl. **13.30-14** | N1
Bíldudalur frá kl. **14.30-15.30** | Vegamót
Þingeyri frá kl. **17-18** | N1
Flateyri frá kl. **18.30-19.30** | N1

Þriðjudagur 19. júní: **Bolungarvík** frá kl. **10-11** | Olís
Ísafjörður frá kl. **11.30-13.30** | Hekla söluumboð Ísafirði
Hólmavík frá kl. **16-17** | N1

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt



Litla Hraun



tísku, en á þessum tíma var þetta nær óþekkt og ég mætti mikilli mótstöðu.

Með harðfyllni fékkst vinnslu- og söluleyfi og ég hóf að verka kjöt, reykja hangikjöt og taka slátur. Ég auglýsti í BB og keyrði út og suður um Vestfirðina með vörurnar. Eftirspurnin var meiri en ég gat annað og þetta gekk vel. Einu sinni varð mér á að leyfa myndatökumanni frá sjónvarpinu að taka af mér myndir við vinnsluna. Ég var ekki í hvítum slopp heldur í köflótri skyrtu og þegar þetta birtist í sjónvarpinu varð mikið fjarðafok. Heilbrigðiseftirlitið var gert út til að stöðva mig, en þrátt fyrir mælingar og úttektir þá fundu þeir aldrei neitt sem hægt var að setja út á. En svo kom að því að sláturhúsinu fannst ég vera orðinn svo stórtækur í sölu á slátri að þeir neituðu að selja mér meira. Svona getur þetta verið. Stundum er sagt að hið opinbera og sérfræðingar af sunnan hafi grafið undan landbúnaði hér á Vestfjörðum. En þetta er einungis hálfur sannleikurinn því stundum hafa það verið bændur sem hafa verið sjálfum sér verstir.”

Þótt Guðmundur sé sestur í helgan stein þá situr hann ekki auðum höndum. Rétt eins og á árunum í Hrauni þá er hann virkur í félagslífinu á Flateyri þar sem hann er formaður félags eldri borgara, auk þess sem hann



syngur tenór í þremur kórum. Hann er enn í matvælaframleiðslu, en nú við sjávarfang og

reykir bæði rauðmaga og herðir fisk. Hraun er ennþá í eigu fjölskyldunnar og hann og Rúna

dvelja þar reglulega. „Ég get ekki hitt þig um helgina,” segir hann við mig þegar

við kveðjumst. „Ég verð nefnilega við girðingarvinnu á Sandinum.” – *Kristján Torfi Einarsson.*

HITTUMST Í KVENNAHLAUPINU LAUGARDAGINN 16. JÚNÍ

GANGA EÐA SKOKK – ÞÚ RÆÐUR HRAÐANUM

Munum brjóstahaldara-söfnunina

Hlaupið er á eftirtöldum stöðum á svæðinu:

Ísafjörður: Hlaupið frá íþróttahúsinu Torfnesi kl. 11.00. Vegalengdir í boði: 3 km, 5 km og 7 km. Forskráning í versluninni Jón og Gunna, á skrifstofu Sjóváar og í versluninni Hlíf.

Bolungarvík: Hlaupið frá Hrafnakletti kl. 11.00. Vegalengdir í boði: 2 km og 5 km. Forskráning við Sparkaup föstudaginn 15. júní milli kl. 14 og 16 og í sundlauginni sama dag eftir kl. 16.00.

Súðavík: Hlaupið frá Gamla pósthúsinu kl. 11.00. Vegalengdir í boði: 1 km, 3 km og 5 km. Forskráning í Vikurbúðinni.

Flateyri: Hlaupið frá íþróttahúsinu á Flateyri kl. 11.00. Vegalengd: 2,5 km.

Suðureyri: Hlaupið frá íþróttahúsinu á Suðureyri kl. 11.00. Vegalengdir í boði: 2 km og 4 km. Forskráning hjá Þorgerði Karlsdóttur í síma 899 9562. Frítt í sund að loknu hlaupi.

Patreksfjörður: Hlaupið frá Bröttuhlíð kl. 17.00. Vegalengdir í boði: 1 km, 2 km og 5 km. Frítt í sund að loknu hlaupi.

Bardaströnd: Hlaupið frá Innri-Múla kl. 17.00. Vegalengdir eru frjálsar. Forskráning hjá Kristínu Hauks í síma 616 7965. Hressing í boði að loknu hlaupi.

Pingeyri: Hlaupið frá íþróttahúsinu á Þingeyrarodda kl. 11.00. Vegalengd í boði: 3 km. Forskráning á Brekkugötu 42 föstudaginn 15. júní milli kl. 17 og 19.

Hólmavík: Hlaupið frá íþróttamiðstöðinni á Hólmavík kl. 11.00. Vegalengdir í boði: 1 km, 3 km, 5 km og 10 km. Forskráning hjá Ingu Sig. í síma 847 4415 eða á ingasig@holmavik.is. Frítt í sund að loknu hlaupi.

Drangsnæs: Hlaupið frá Fiskvinnslunni Dranga á Drangsnæsi kl. 11.00. Vegalengdir í boði: 3 km og 5 km. Forskráning í Kaupfélaginu.

Nánari upplýsingar á sjova.is. Þátttökugjald er 1.250 kr.

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands fagnar 100 ára afmæli sínu á þessu ári. Konur á öllum aldri eru hvattar til þess að hreyfa sig reglulega og vera hluti af íþróttahreyfingunni sem idkendur, leiðtogar, sjálfboðaliðar eða foreldrar.

HREYFING TIL FYRIRMYNDAR



SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ





Konur flytja frá landsbyggðinni

Konur hafa flutt í meira mæli frá landsbyggðinni á síðustu árum en karlar. Þetta er niðurstaða rannsóknar sem Elín Gróa Kristjánsdóttir lánasérfræðingur gerði fyrir Byggðastofnun. Í skýrslunni kemur fram að á Vestfjörðum eru 96 konur á hverja hundrað karlmenn, en munurinn eykst þegar skoðað er aldursbilið 20-39 ára. Þá kemur í ljós að 88 konur eru á hverja hundrað karlmenn. Ástæðan fyrir því konur hafa flutt í meira mæli frá landsbyggðinni en karlar, er flókin blanda af einstaklings- og skipulagsbundnum þáttum og tog- og

ýtikröftum, að því er segir í rannsókninni.

Breiðara og meira framboð varðandi menntun, atvinnu og afþreyingu togar konur til stærri þéttbýlisstaða. Skortur á atvinnutækifærum þar sem vinnumarkaður landsbyggðarinnar einkennist af vinnu fyrir ómenntaða karlmenn, ýtir konum í burtu frá dreifbýlum svæðum. Þá hafa breytingar á skilgreiningum á hlutverkum kynjanna áhrif, en störf á landsbyggðinni eru karl-lægari heldur en í stærri þéttbýlisstöðum.

Í skýrslunni segir Elín Gróa

frá konu á sunnanverðum Vestfjörðum sem flutti búferlum til höfuðborgarsvæðisins þegar hún gekk með sitt fyrsta barn, því hún treysti ekki á lækniþjónustuna og samgöngur ef eitthvað kæmi upp á á meðgöngunni. Konan var háskólamenntuð og í fullu starfi hjá opinberri stofnun á svæðinu.

Elín telur að niðurskurður í heilbrigðiskerfinu sé t.d. ein ástæðan fyrir því að stór hluti kvenna vilji ekki búa á landsbyggðinni. Hún telur að grípa verði til aðgerða til að sporna við brottflutningi kvenna af lands-

byggðinni ef halda eigi öllu landinu í byggð. „Ef allar konur á barneignaaldri flytja úr byggðarlaginu verður engin náttúruleg fjölgun og byggðarlögin hrynja saman innanfrá,“ segir Elín.

Nú er verið að innleiða kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð á Íslandi og telur Elín það vera til góðs, en betur má ef duga skal. „Enn sem komið er erum við

stödd í innleiðingarferlinu en í framtíðinni getum við vonandi beitt hugmyndafræði kynjaðrar hagstjórnar þannig að kynjasjónarmiðin séu höfð til hliðsjónar við ákvarðanatöku í byggðamálum. Með því móti verða ákvarðanir byggðar á betri upplýsingum um áhrif sem þær hafa á byggðir landsins og íbúa þess.“

– gudmundur@bb.is

Auðugt menningarlíf í Ísafjarðarbæ

Vestfirðingar eru stoltir af blómstrandi menningu, og telja að Ísfirðingar hafi séð þjóðinni fyrir tónlistarfólki og stjórnmálamönnum í áraradír. Þetta kemur fram í umfjöllun um menningarlíf í skýrslu um samfélag, atvinnulíf og íbúapróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun, sem Byggðastofnun birti á dögunum. Í skýrslunni kemur fram að þættir eins og virkni íbúa, jarðvegur fyrir góðar hugmyndir, sterkur kjarni, samfélag sem stendur styrkum fótum þrátt fyrir

fækkun íbúa, góð, grunngerð, fjölskylduvænt umhverfi, tónlistarstarf, o.fl. geri þetta að verkum.

Sérstök athygli er vakin á því í skýrslunni hve auðugt menningarlíf er í flestum þéttbýlisstöðum í Ísafjarðarbæ, þrátt fyrir að þeir tilheyri allir sama sveitarfélagi og sækir mest alla þjónustu til Ísafjarðar, þar sem menningarlíf er öflugt. Á Suðureyri, Þingeyri og Flateyri eru t.d. starfandi leikfélög, kórar og öflugt félagsstarf aldraðra svo dæmi sé nefnt.

– gudmundur@bb.is

Hærra hlutfall innflytjenda á Vestfjörðum

Hlutfall innflytjenda á Vestfjörðum er um 10% af íbúafjölda, á móti 6,8% á landsvísi. Aðeins í Strandabyggð er hlutfallið undir landsmeðaltali. Hlutfallið er nokkuð misjafnt eftir svæðum, en það er mest í Bolungarvík eða 16%. Víða á Vestfjörðum erum 80% starfsfólks í fiskvinnslu út-lendingar, eftir því sem fram kom á fundum Byggðastofnunar með útgerðarfyrirtækjum á Vestfjörð-

um. Fjölmennastir eru Pólverjar.

Í skýrslu Byggðastofnunar um samfélag, atvinnulíf og íbúapróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun, kemur fram að málefni innflytjenda séu meira til umræðu á sunnanverðum Vestfjörðum en norðanverðum. Bolungarvík sé þó undantekning, enda sé hlutfall innflytjenda hátt þar.

– gudmundur@bb.is

Tillaga að deiliskipulagi fyrir hafnarsvæðið á Patreksfirði

Bæjarstjórn Vesturbyggðar auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi á hafnarsvæði á Patreksfirði, samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið afmarkast af neðri húsum við Urðargötu og Mýrum að norðan, Aðalstrætis að austan og sjó að vestan og sunnan.

Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofunni að Aðalstræti 63 frá og með þriðjudeginum 12. júní til og með 31. júlí 2012. Tillagan verður á vef Vesturbyggðar en einnig er hægt að fá hana senda í tölvupósti og skulu beiðnir þar að lútandi berast til slokkvilið@vesturbyggd.is.

Peim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 31. júlí 2012. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 63.

Peir sem ekki gera athugasemdir við breytingartillöguna fyrir tilskilinn frest, teljast samþykkir henni.

Bæjarstjóri Vesturbyggðar.



VESTURBYGGÐ

Við tökum vel á móti þér

Starfsfólk Landsbankans á Ísafirði er nú sem fyrr til reiðu að veita þér fyrirtaks þjónustu og ráðgjöf. Við leggjum áherslu á lausnir sem henta hverjum og einum.

Starfsfólk Landsbankans á Ísafirði sér um þjónustuheimsóknir til eldri borgara á eftirfarandi stöðum:

Flateyri

Húsnæði eldri borgara, Hafnarstræti 11.
» Alla þriðjudaga kl. 15:00 – 16:00

Súðavík

Húsnæði Landsbankans, Grundarstræti 3.
» Alla fimmtudaga kl. 15:00 – 16:00

Ísafjörður

Dvalarheimilið Hlíf, Torfnesi.
» Alla miðvikudaga kl. 10:00 – 11:00



Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000





Séra Fjölur kosinn formaður

Sr. Fjölur Ásbjörnsson í Holti í Önunderfirði var kosinn formaður Prestafélags Vestfjarða fyrir skemmstu. Við það tilefni var sr. Agnes M. Sigurðardóttir kvödd með bókagjöf. „Var henni þakkað fyrir ljúft og gott samstarf á liðnum árum og óskað velfarnaðar í embætti biskups, sem hún tekur við eftir mánuð,“ segir á vefsíðunni flateyri.is.

Þá var sr. Hildur Inga Rúnarsdóttir boðin velkomin í félagið en hún hefur verið valin sem nýr sóknarprestur á Þingeyri. – *thelma@bb.is*



Á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða er enginn starfandi heimilislæknir.

Einungis tveir heimilislæknar starfandi á Vestfjörðum

smáar

Aðalfundur Ípróttafélagsins Ívars verður haldinn á Sundlaugarloftinu á Ísafirði, föstudaginn 22. júní kl. 16. Fundarfrni: Venjuleg aðalfundarstörf.

Reglusamur einstaklingur leit- ar að herbergi eða íbúð til lok ágúst mánaðar. Helst á Ísafirði. Uppl. í síma 895 6390.

Óska eftir íbúð til leigu á Ísafirði eða Hnífsdal frá 1. ágúst. Reglusömum greiðslum heitið. Erum reyklus. Uppl. í síma 845 7242, Kolbrún Fjöla.

„Opinbera stefnan er sú að sérmenntaðir heimilislæknar séu á heilsugæslustöðvunum og því væri æskilegt að þeir væru fleiri. Þeir eru hinsvegar fáir og fer fækkandi. Á Ísafirði hefur ekki verið starfandi heimilislæknir í mörg ár,“ segir Hallgrímur Kjartansson heimilislæknir á Patreksfirði, en hann er annar tveggja heimilislækna á Vestfjörðum. Í ritstjórnargrein Þórarins Ingólfssonar, formanns Félags íslenskra heimilislækna, sem birtist í nýjasta hefti Læknablaðsins, er greint

frá því að fjölmargar stöður lækna á landsbyggðinni standi lausar og heilu landshlutarnir séu án fastra lækna. Nýlega hafi sjö stöður sérfræðinga í heimilislækningum verið auglýstar í heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, en enginn hafi sótt um.

Í greininni tekur Þórarinn fram að það verði að setja fram raunhæfar aðgerðir til að bregðast við heimilislæknaskorti í landinu. Hallgrímur tekur undir með Þórarni og segir ástæðuna fyrir því að heimilislækningar eigi und-

ir högg að sækja sé sú að greinar- munur sé gerður á sérgreininni heimilislækningar og öðrum sérgreinum læknisfræðinnar. „Ef þú ert sérfræðingur í heimilislækningum hefurðu bara möguleika á því að starfa sem ríkisstarfsmaður, en sérhæfirðu þig í einhverju öðru geturðu rekið eigin stofu,“ segir Þórarinn, en tólf sjálfstætt starfandi heimilislæknar eru eftir á landinu og er hægt og bítandi verið að segja upp samningum við þá. Hallgrímur telur að metnaðarfullir læknanemar sæk

minna í sérhæfingu í heimilislækningum, þó svo að atvinnu- möguleikarnir séu miklir hér á landi. „Heimilislækningar eru settar í einhvern annan flokk hjá þeim,“ segir Hallgrímur.

Hallgrímur segir að þessi þróun hafi óbein áhrif úti á landsbyggðina. „Ungt fólk vill ekki vera á vöktum og búa á litlum stöðum. Á Ísafirði er t.d. enginn heimilislæknir og það er ekki gott mál, enda ættu sérmenntaðir heimilislæknar að vera á öllum heilsugæslustöðvum,“ segir Hallgrímur.

Út af með landsbyggðina!

Stakkur skrifar >

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mál- efnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður.

Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Fróðlegt hefur verið að fylgjast með umræðum á alþingi, sé í raun hægt að tengja það sem hrýtur úr munn flestra alþingismanna við hugtakið að ræða um hluti á vitrænan hátt. Miklu nær væri að líta svo á að of margir þeirra telji sér heimilt að varpa rýrd á vinnufélaga sína með alls kyns munnsöfnuði sem ætti ekki að heyrast á löggjafarþingi neins ríkis. Við kjösendur höfum fengið nóg af skætingi og óhróðri um menn innan alþingis sem utan. Sum okkar efast um að alþingismönnum, sem svona haga sér, líði vel. Er þeim sjálfrátt? Verst er þó að hafa endaskipti á hugtökum og vinnubrögðum með þeim hætti að helst verði upplýstu fólki hugsað til hinnar frægu bókar „Animal Farm“ eftir George Orwell. Listilega var farið með þá kúnst að snúa hugtökum svo að þau fengu nýja meiningu hreinlega á þann hátt sem einfaldast er að lýsa svo, að orðið gott hafi í raun fengið merkingu orðsins vont. Dýragarðurinn er ofarlega í huga margra þegar horft er til Alþingis eða um það hugsað.

Verra er þó að of margir alþingismenn virðast hafa gleymt því að fólk býr víðar á Íslandi en á Seltjarnarnesi hinu forna eða í póstnúmerum sem byrja á eitthundrað tölunni. Tengsl við aðra hluta Íslands virðast rofin ef marka má tal alþingismanna. Gleggst kemur þetta fram í hroka sem beinist gegn þeim sem stunda fiskveiðar. Ekkert fiskveiðistjórnunarkerfi hefur reynst án galla. En núverandi kerfi hefur gefið góða raun, þótt vissulega megi um það deila. Ókosturinn

við það var sá helstur að í byrjun gátu þeir sem fegnið höfðu úthlutað aflamagni í sjónum til að veiða selt sig út úr kerfinu og grætt. Að hagnast er reyndar afar slæmt séu það ekki réttu mennirnir eða fyrirtækin sem það gera. Það verða að vera „okkar“ menn. Ekki gengur að það séu „óokkar“ menn lesist þeir sem eru ekki „okkar“ megin í stjórn málu eða lífsbaráttunni eða yfirleitt hverju sem er. Þessi vankantur verður ekki leiðréttur þó ráðist sé að þeim sem nú veiða og hafa flestir greitt fyrir sinn kvóta. Fyrir þá hegðun líður einkum landsbyggðin og vel að merkja ekki aðeins útgerðarmenn heldur sjómenn, fiskverkafólk og þeir sem þeim tengjast.

Sé notað knattspyrnumál þýðir skattaatlagan að útgerð sama og dómarrinn hrópi út af með hana! - landsbyggðina. Margt hefur reynst henni mótdrægt og þá fyrst „ótings!“ við hana. Alþingismenn sem margir eru runnir þar upp hafa gleymt uppruna sínum. Bættar samgöngur, virkjanir og fleira situr á hakanum sé það á landsbyggðinni. Flaustaðar ákvarðanir ber hátt. Minna bólar á stefnu nu framtíð byggðar á Íslandi. Mörgum er löngu gleymt hvar verðmæti verða til og hvernig. Dómarinn, hvort heldur einstakir alþingismenn, ráðherrar eða allur hópurinn hefur „ótingingu“ við veruleikann. Rangur dómur á vellinum þýðir að hrópað verður hátt: „Út af með dómarrann!“ Sá tími kemur.



Of hár húshitunarkostnaður

Meirihluti þátttakenda í viðhorfsskönnun Bygðastofnunar sem framkvæmd var á Vestfjörðum segir húshitunarkostnað vera mjög eða frekan háan, eða 91% svarenda. Á Vestfjörðum er víða hitað upp með rafmagni sem eykur kostnað. Hitaveita er aðeins á Drangnesi, Suðureyri og í þéttbýli á Reykhólum á því svæði sem hér um ræðir. Þetta kemur fram í skýrslu Bygðastofnunar um samfélag, atvinnulíf og íbúapróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun.

Þar er m.a. bent á að norðan-

verðir Vestfirðir er kalt svæði að miklu leyti og lítið af heitu vatni hefur fundist til almennra nota.

„Húshitunarkostnaður er hár, enda kynt með rafmagni. Raforkuverð hefur hækkað og mikill verðmunur er milli þéttbýlis og dreifbýlis. Niðurgreiðslur til húshitunar hafa staðið í stað, jafnvel lækkað til dreifbýlis, en gjaldskráin hefur hækkað. Skekkja er í jöfnuði milli dreifbýlis og þéttbýlis, sem og höfuðborgar og landsbyggðar,“ segir í skýrslunni um orkumál á Vestfjörðum.

Sömu sögu er að segja annars staðar á Vestfjörðum. Á Ströndum hefur fundist heitt vatn í Hveravík, skammt frá Drangnesi og það gefur ýmsa möguleika. Einnig hefur verið rætt um möguleika á virkjun Hvalár og að það fáiast þriggja fasa rafmagn. „Ötryggt rafmagn er á öllum Vestfjörðum og 3-fösun í sveitirnar er forgangsmál. Það hamlar framleiðslu t.d. í landbúnaði að hafa það ekki. Orkubúið gæti lagfært þetta, en kostnaður er svo mikill að það borgar sig ekki. Það er

dýrt að setja í jörð þó má hafa í huga að viðgerðirnar kosta líka. Svo er rafmagnið líka dýrt, en átti ekki að vera dýrara í dreifbýlinu, en annað varð raunin. Dreifingarkostnaðinum var bætt á notendur. Það þarf að hækka niðurgreiðslur til húshitunar þar sem er rafmagnskynding,“ segir í skýrslunni.

Þá er bent á að rafmagn er óstöðugt og það fæli frá varðandi rekstur fyrirtækja. Ekki sé næg raforka fyrir stórfyrirtæki. „Það vantar eftirspurn eftir miklu

rafmagni en það er ekkert rafmagn og því engin eftirspurn. Afhendingaröryggi er ekki nægilegt. Það vantar hringtengingu.“

Í skýrslunni segir einnig að svæðið gæti í raun verið sjálfbært með raforku. „Orkubúið er með dísilvélar sem getur knúð allt innra starf áfram án utanaðkomandi aðstoðar,“ segir í skýrslunni. „Ef rafkerfið á Vestfjörðum gefur sig þarf fyrst að keyra þessar vélar fyrir rafmagn á Ísafirði samkvæmt ákvörðun Landsnets.“
– *thelma@bb.is*

Samþykkt um hundahald endurskoðuð

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að farið verði í endurskoðun samþykktar á hundahaldi í Ísafjarðarbæ sem unnin verði í samvinnu við fulltrúa hundaeigenda í Ísafjarðarbæ. Samkvæmt gildandi samþykkt er hundahald bannað í lögsagnarumdæmi Ísafjarðarbæjar að undanteknum þarfahundum á lögbýlum, leiðsöguhundum til hjálpar blindu fólki, viðurkenndum leitarhundum til aðstoðar björgunarsveitum og hundum sem notaðir eru við löggæslustörf.

Bæjarstjórn er þó heimilt að veita einstaklingum búsettum í Ísafjarðarbæ undanþágu til hundahalds að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. – *thelma@bb.is*

Auglýsing um veitingu framkvæmdaleyfis í sveitarfélaginu Vesturbyggð

Bygging snjóflóðavarna neðan Klifs á Patreksfirði.

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 29 maí sl. umsókn Vesturbyggðar um framkvæmdaleyfi fyrir ofanflóðavörnum eins og þeim er lýst í framkvæmdaleyfisumsókn, greinagerð og umhverfisskýrslu með deiliskipulagi. Bæjarráð hefur tekið rökstudda afstöðu til veitingu leyfisins. Framkvæmdin er í samræmi við aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018 og deiliskipulag ofanflóðavarnana. Framkvæmdaleyfið er bundið ákveðnum skilmálum, sem byggja á bókun bæjarráðs.

Deiliskipulagið er aðgengilegt á vef Skipulagsstofnunar, skipulag.is og vef Vesturbyggðar, vesturbyggd.is ásamt bókunum bæjarráðs.

Framkvæmdaleyfi bæjarráðs Vesturbyggðar er kæránlegt til úrskurðarnefndar umhverfis - og auðlindamála, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.

Kærufrestur er einn mánuður frá því að leyfið er auglýst.

Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar.



VESTURBYGGÐ

Vestfirskt salt á markað í Danmörku

Fyrirtækið Saltverk Reykjaness, sem hefur aðsetur í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, hefur vegnað vel síðan það var sett á stofn á síðasta ári. Nú hafa eigendur fyrirtækisins ákveðið að hefja útflutning á saltinu og horfa til Danmerkur í því sambandi með haustinu. Garðar Stefánsson, einn af stofnendum félags-

ins, segir í samtali við Morgunblaðið, að að viðtökur við framleiðslu fyrirtækisins hafi farið fram úr björtustu vonum. „Það er augljóst að varan þykir góð og áhugaverð og við höfum satt best að segja fengið mun sterkari viðbrögð erlendis en við höfum átt von á og fengið fyrirspurnir frá Danmörku, Bretlandi og Banda-

rikjunum,” segir Garðar, en Saltverk Reykjaness hefur ráðið tvo fastráðna starfsmenn í verksmiðjuna á Reykjanesi.

Með auknum starfsmannafjölda er verið að bregðast við aukinni framleiðslu, sem ný forsuða fyrirtækisins hefur skapað og þeirri uppbyggingu sem fyrirtækið stefnir á í sumar. Í þessum mánuði er fyrirhuguð fyrsta kynning á vörunni erlendis en hún fer fram í íslenska sendiráðinu í Danmörku. Að sögn Garðars munu eigendur Noma, besta veitingastaðar í heimi, mæta. „Við erum allir menntaðir í Danmörku og höfum þess vegna mikinn áhuga á að kynna saltið þar,” segir Garðar, og vísar þar til hinna eigenda fyrirtækisins, Yngva Eiríkssonar og Björns Steinars Jónssonar.

Saltið frá Saltverki Reykjaness



Kristallsaltið frá Saltverki Reykjaness.

kom í sölu í desember á síðasta ári, en mikil vinna var lögð í ímynd vörunnar á sama tíma og framleiðslan var undirbúin. Ætlunin er að markaðssetja saltið sem íslenska, umhverfisvæna há-

gæðavöru. Með tilkomu Saltverks Reykjaness var saltframleiðsla endurvakin á Reykjanesi, meira en tveimur öldum eftir að hún var fyrst sett á laggirnar þar árið 1770. – gudmundur@bb.is



VESTURBYGGÐ

Útboð lyftuhús og lyfta

Vesturbyggð óskar eftir tilboðum í byggingu lyftuhús við Aðalstræti 4 á Patreksfirði.

Um er að ræða steinsteypt tveggja hæða lyftuhús með klæðningu.

Helstu tölur:	steypa:	11,5 m ³
	Þakjárn:	16 m ²
	Kambstál heild:	1.545 kg.
	Plötuklæðning:	85 m ²

Hægt er nálgast útboðsgögn á bæjarskrifstofu Vesturbyggðar Aðalstræti 63, 450 Patreksfirði gegn 2.000 kr. greiðslu. Einnig er tekið á móti pöntunum á netfangi sveitarfélagsins, vesturbyggd@vesturbyggd.is, eða í síma 450 2300. Upplýsingar veitir Ármann í síma 661 1850. Tilboð skulu hafa borist á skrifstofu Vesturbyggðar fyrir mánudaginn 25. júní 2012 kl. 14:00. Verklök eru 15. september 2012. Vesturbyggð áskilur sér rétti til að hafna öllum tilboðum eða taka hvaða tilboði sem er.

Einnig er óskað eftir tilboðum í lyftu og lyftubúnað með uppsetningu.

Ármann Halldórsson,
byggingarfulltrúi Vesturbyggðar.

Íbúum hefur fækkað um fjórðung á 18 árum

Íbúum á norðanverðum Vestfjörðum fækkaði um rúm 23% á árunum 1994-2011. Þetta kemur fram í skýrslu Byggðastofnunar um samfélag, atvinnulíf og íbúabróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun. Mesta fækkunin í þéttbýli á norðanverðum Vestfjörðum var í Hnífsdal og á Flateyri, yfir 40%, en minnst á Ísafirði og á Suðureyri, um 16%.

Fram kemur í niðurstöðum Byggðastofnunar að mikil fækkun hefur orðið í aldurshópnum undir 39 ára, og karlar eru fleiri en konur í öllum aldurshópum nema yfir sextugt. Fjöldi íbúa af erlendum uppruna er yfir landsmeðaltali á norðanverðum Vestfjörðum.

Íbúum á norðanverðum Vest-



Gervihnattarmynd af Vestfjörðum. Mynd: Nasa.

fjörðum hefur fækkað úr tæplega 6300 í 4380 á tímabilinu 1994-2011, og samfelld fækkun var allt tímabilið ef frá er talið hrunárið 2008, þegar íbúum fjölgaði lítillega. Ef litið er til einstakra

þéttbýliskjarna var fækkunin mest í Hnífsdal (45%), á Flateyri (43%), á Þingeyri (38%) og í Súðavík (36%). Heldur minni fækkun var í Bolungarvík, á Ísafirði og á Suðureyri.

Sælkeri vikunnar er Niels R. Björnsson á Ísafirði

Grillað inn í Tunguskógi

Í tilefni að sumri verður grillað inn í Tunguskógi í sælkerahorninu BB.

Forréttur:

Hvítlauks grillaður humar

Hvítlaukur, steinselja og rautt chilli saxað og Jómfrúarolíu sett yfir.

Gott að gera fimm tímum áður en grillað er. Smurt á humarinn og grillað. Saltað og piprað í lokin með Reykjaness-

salti. Picanta braup grillað og smurt með olíu, hvítlauk og tómötum.

Aðalréttur:

Grilluð hrossalund

Lundin skorin í hæfilega þykkar sneiðar. Kryddað með best á nautið.

Meðlæti:

Ferskur maís lagður í bleyti í kalt vatn í 15 mín. Blöðum flett

frá maísnum og hann smurður humarolíunni. Blöðum flett yfir aftur og bundið fyrir með bandi. Hann svo grillaður. Sneiða niður sætar kartöflur, papriku blaðlauk og grilla.

Eftirréttur:

Rúntur inn á Ísafjörð og fá sér ís í Hamraborg.

Verði ykkur að góðu.

Ég skora á Ólaf Helga Ólafsson í Hnífsdal til að taka við af mér.



Upprunalegar þakskífur komu í ljós

„Þegar við rifum þakplöturnar af húsinu komu þessar upprunalegu og ótrúlega fallegu þakskífur í ljós,“ segir Úlfur Þór Úlfarsson, annar eigenda Hæstakaupstaðarhússins á Ísafirði. Framkvæmdirir við húsið hafa staðið undanfarna daga, en til stendur að skipta um þakplötur hússins og setja bárujárnsþak í staðinn. Við framkvæmdirnar fundust upprunalegar þakskífur hússins, sem eru frá árinu 1872, en yfir þær voru settar þakplötur um aldamótin 1900. Að sögn Úlfs eru þakskífurnar merkilega heillegar á köflum.

„Sumstaðar eru þær mjög heillegar, en gamla bárujárnið var farið að leka á nokkrum stöðum og þar undir eru skífurnar morknar. Ef við hefðum fjármagn myndum við vilja setja skífur eins og þær gömlu á allt þakið, en ætli við setjum það ekki í hendur komandi kynslóða,“ segir Úlfur, sem segist ætla að breyta áátlunum sínum varðandi þakið í ljósi þessa fundar. Upprunalegu þakskífurnar fá að halda sér á sínum stað, en svart bárujárn verður sett yfir þær.

„Við ætluðum að setja galvaníserað bárujárn á þakið, en eftir að skífurnar fundust ákváðum við að loka þakinu aftur, geyma þær þar sem þær eru og setja svartar bárujárnsplötur yfir. Gömlu skífurnar eru svartar og þakið er einfaldlega fall-egra þannig,“ segir Úlfur sem segist hafa ráfært sig við bæjarbúa. „Ég tók gangandi vegfarendur tali og spurði þá hvernig við ættum að hafa þetta. Það sögðu allir sem ég talaði við að þakið ætti að vera svart og því ákváðum við það.“

Úlfur á húsið ásamt bróður sínum, Gísla Elís, en þeir eru betur þekktir sem Hamraborgar bræður.

– gudmundur@bb.is



Á þessari mynd má sjá gömlu þakskífurnar sem leyndust undir þakplötunum.

husa.is

Komdu og fáðu þér pylsu!

Laugardaginn 16. Júní eru allir velkomnir í pylsupartý, í öllum verslunum Húsasmíðjunnar um land allt.

BRJÁLAÐ VERÐ

Á GARÐADÖGUM



6 stólar, borð og sólhúf
34.490 kr.

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ

Gott grill á frábæru verði!

Tasman Sunset 100
2 brennarar.
3000391

12.900 kr.

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ



RAFMAGNSSLÁTTUVÉL
15.995 kr.

Texas - 1000W.
Sláttubreidd
32 cm
5085124

**ALLT FYRIR
17. JÚNÍ**

FÁNAVEIFA
99 kr.

FÁNAVEIFA Á BÍL
199 kr.



MARGARITA
Verð áður: 1.190 kr.
Nú: **690 kr.**



HENGILOBELIA
Verð áður: 1.190 kr.
Nú: **799 kr.**



JARÐBERJAPLÖNTUR
3 stk. Verð áður: 2.499 kr.
Nú: **1.199 kr.**

blómaval



ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SIDAN 1956

Þráir þú dýpri svefn? Heilsurúm í sérflokki

TEMPUR
DÝNUR OG KODDAR

Tilboðsdagar í júní!



12
mánaða
vaxtalaus
lán*

* 3,5% lantokugjald

Naures® Rest

heilsurúm 180 x 200 cm

Kr. 135.900,-



Domino svefnsófi
Kr. 175.000,- Tveir litir



Tunga getur
verið báðum
megin.



Milano frábær hægindastóll á frábæru EM verði!
EM-VERÐ Kr. 43.900,- Fjórir litir



Hvítur

Latte

Svartur

Brúnn

Como tungusófi
Frábært verð aðeins **kr. 169.900,-**
án skemils. Tveir litir. Skemill kr. 37.900,-



Stærð
Br. 267 cm
D. 88/159 cm
H. 85 cm.

PU-leður

Mjúk og vönduð handklæði og sængurverasett í
fallegum sumarlitum. **Gæðavara á frábæru verði!**



**Betra
BAK**

Leggur grunn að góðum degi

www.betrabak.is

betrabak@betrabak.is
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opíð virka daga frá kl. 12-18